

FRÁSÖGN

af Heimspingi framtíðarnefnda þjóðþinga í Finnlandi 12.–13. október.

Heimsping framtíðarnefnda þjóðþinga var haldið í finnska þinginu 12.–13. október sl. og var fulltrúum framtíðarnefndar Alþingis boðin þátttaka. Af hálfu nefndarinnar fóru Logi Einarsson, formaður, Lilja Rannveig Sigurgeirsdóttir, varaformaður, og Orri Páll Jóhannsson, auk Önnu Sigurborgar Ólafsdóttur, nefndarritara.

Framtíðarnefnd finnska þingsins var gestgjafi heimspingsins sem var haldið með blönduðu fyrirkomulagi og var það fyrsta heimsping sinnar tegundar. Matti Vanhanen, forseti finnska þingsins, setti heimspingið og bauð gesti velkomna. Joakim Strand, formaður finnsku framtíðarnefndarinnar, sá um fundarstjórn og Jerome C. Glenn frá Millennium Project var aðalræðumaður. Hann fjallaði um helstu áskoranir sem samfélög í heiminum eru að glíma við, sérstaklega hvað varðar tæknibreytingar og mismunandi tegundir gervigreindar. Í kjölfarið kynntu eftirfarandi fulltrúar framtíðarnefnda einstakra þjóðþinga starf nefndanna: Mari Holopainen og Sinuhe Wallinheimo, Finnlandi, Francisco Chahuan, Chile, Logi Einarsson, Íslandi, Raimundas Lopata, Litháen, Sebastian Garcia, Paraguay, Pia Cayetano, Filippseyjum, og Rodrigo Goñi, Uruguay.

Ýmsar þingnefndir innan þjóðþinga eru með framtíðarverkefni á sinni könnu þó að þær skilgreinist ekki sérstaklega sem framtíðarnefndir. Eftirfarandi fulltrúar slíkra nefnda kynntu starf nefndanna: Joël Lightbound, Kanada, Raivo Tamm og Johanna Vallistu, Eistlandi, Michał Gramatyka, Póllandi, Acaravat Asvahem og Pun-Arj Chairatana, Tælandi, Quang Huy, Víetnam, auk Therese Niss, Austurríki.

Ungt fólk átti nokkra fulltrúa á heimspinginu sem greindu frá sinni heimsmynd og minntu eldri kynslóðir á að skila jörðinni í góðu ásigkomulagi til komandi kynslóða. Risto Linturi framtíðarfræðingur kynnti manngerða útgáfu sína að gervigreind sem hélt hvetjandi ræðu um umhverfisvernd. Ama Ofeibea Amponsah, framkvæmdastjóri Ásíkó Art School í Lagos, fjallaði um mikilvægi lista þegar til framtíðar er litið.

Í lok þingsins var samþykkt sameiginleg yfirlýsing þar sem lögð var áhersla á mikilvægi þjóðþinga til að efla frið á meðal þjóða og velferð mannkyns. Framtíðarnefndir geta með sviðsmyndagreiningum auðveldað ákvarðanatöku til framtíðar litið. Þjóðir heims eru að takast á við alþjóðlega drifkrafta og óvissuþætti og er þess vegna gagnlegt að til staðar sé samstarfsvettvangur til að greina tækifæri og ógnanir framtíðar. Einnig er slíkt samstarf vettvangur til að skoðanaskipta og til að draga lærdóm af reynslu ólíkra þjóðþinga. Eru öll þjóðþing hvött til að setja á stofn sérstakar framtíðarnefndir ef þær eru ekki nú þegar til staðar til að sinna þessum sífellt mikilvægari málaflokki. Ákveðið var að halda heimsping framtíðarnefnda í október ár hvert og verður næsta heimsping að ári í Uruguay. Eru framtíðarnefndir hvattar til samstarfs á milli heimspinga og sækja “The Future of the World Congress” í Vilnius í Litháen 12.–13. maí 2023 og “Congress of the Future 2023” í Santiago í Chile 16.–22. janúar 2023.

Frekari upplýsingar má nálgast hjá ritara framtíðarnefndar.